

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007:

Ómar R. Valdimarsson

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.)

gegn

Gauki Úlfarssyni

(Sigurmar Kristján Albertsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar sl. er höfðað 14. maí 2007.

Stefnandi er Ómar R. Valdimarsson, Barmahlíð 54, Reykjavík.

Stefndi er Gaukur Úlfarsson, Fálkagötu 13, Reykjavík.

Dómkröfur

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Þess er krafist að eftirfarandi ummæli í staflíðum A til C, sem stefndi er höfundur að og birti á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is, þriðjudaginn 24. apríl 2007, klukkan 13:59, verði dæmd dauð og ómerk, og stefnda verði gert skylt með dómi að fjarlægja ummælin af vefsvæðinu:

1. A. „Aðal Rasisti Bloggheima“
B. „Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impreglio (sic) á Íslandi ...“
C. „Ég mæli því með því að þið ágæta fólk látið í ykkur heyra á kerfinu hans svo að útlendingahatur hans standi þar ekki óhaggað.“

2. Þess er krafist að eftirfarandi ummæli í staflíð A, sem stefndi er höfundur að og birti á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is, þriðjudaginn 24. apríl 2007, klukkan 22:20, verði dæmd dauð og ómerk, og stefnda verði gert skylt með dómi að fjarlægja ummælin af vefsvæðinu:

A. „Sem betur fer skapaði ég mér vinnu þar sem ég þarf ekki að svara fyrir alþjóðlegt glæpagengi í fjölmiðlum.“

3. Gerð er krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda krónur 2.000.000 króna í miskabætur og beri dómkröfurnar vexti frá 24. apríl 2007 til 22. júní 2007, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu en dráttarvexti samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

4. Einnig er gerð krafa þess efnis að stefnda verði gert skylt að birta forsendur og dómsorð á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is þegar dómur gengur í málinu, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

5. Þá er þess einnig krafist að stefndi verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar samkvæmt síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti, auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir

Stefnandi lýsir málsatvikum með þeim hætti að hann hafi birt umfjöllun á vefsvæði sínu, www.omarr.blog.is, 18. apríl 2007 undir yfirskriftinni „Vill Paul Nikolov að Aron Pálmi Ágústsson rotni í fangelsi?“ Þar var fjallað um afstöðu eins frambjóðanda stjórnmalaflokks, sem bauð fram til Alþingis 2007, til máls Arons Pálma Ágústssonar, sem afplánar dóm í Bandaríkjunum fyrir kynferðisbrot. Þann 22. apríl birti stefnandi síðan umfjöllun á sama vefsvæði undir yfirskriftinni „Beint lýðræði dagsins“, en þar hafi verið fjallað um hugmyndir þessa sama frambjóðanda um „beint“ lýðræði um leið og lýst hafi verið erfiðleikum stefnanda við að hafa samband við frambjóðandann. Umfjöllun stefnanda um frambjóðandann hafi verið mjög hófsöm í alla staði.

Stefndi hafi tekið þessa umfjöllun um frambjóðandans óstínt upp og þann 24. apríl 2007 hafi stefndi birt umfjöllun um stefnanda á vefsvæði sínu, www.ulfarsson.blog.is, undir yfirskriftinni „Aðal Rasisti Bloggheima“. Þar er stefnandi sagður vera svæsnari útlendingahatari en tiltekinn fjöldi útlendingahatara lagður saman. Í niðurlagi umfjöllunarinnar hafi stefndi síðan hvatt fólk til að láta í sér heyra á vefsvæði stefnanda svo að útlendingahatur stefnanda stæði þar ekki óhaggað.

Síðar þennan sama dag, 24. apríl sl., hafi stefndi höggvið aftur í sama knérunn með ummælum sem birtust sem athugasemd á vefsvæði stefnda þar sem stefndi hafi lýst því yfir að vinna stefnanda fælist í því að svara fyrir alþjóðlegt glæpagengi í fjölmiðlum. Að kvöldi, 24. apríl sl., hafi stefnandi haft samband við stefnda og óskað eftir því að stefndi fjarlægði framangreind ummæli af vefsvæðinu. Að öðrum kosti væri stefnanda nauðugur einn kostur að leita réttar síns. Stefndi hafi ekki séð ástæðu til þess að verða við þessum óskum stefnanda en hafi skrifað í staðinn nýjan pistil á vefsvæði sitt með fyrirsögninni „Ómar R. Valdimarsson Ætlar að kæra mig ©“, þar sem hann hafi hreykt sér af því að vera aðeins búinn að vera í „blogglandi“ í rúmar tvær vikur og það væri strax búið að hóta honum málssókn.

Daginn eftir, 25. apríl sl. klukkan 11:18, hafi stefndi ruðst fram á ritvöllinn á nýjan leik og skrifað pistil á vefsvæði sitt sem bar yfirskriftina „Hvenær Kemur Kæran?“ Þar hafi stefndi lýst því að hann hefði vaknað ofurspenntur þá um morguninn vegna yfirvofandi símtals frá lögfræðingi/lögfræðingum stefnanda. Síðar þennan sama dag, klukkan 14:25, hafi stefndi enn á ný skrifað pistil á vefsvæði sitt undir yfirskriftinni „Ég Bíð Og Bíð ómar ..“, þar sem stefndi hafi lýst yfir vonbrigðum með það hvað málshöfðun stefnanda tæki langan tíma, en stefndi vonaði að stefnandi myndi smugu þann daginn til að standa við stóru orðin um málshöfðunina. Að kvöldi 25. apríl sl., klukkan 22:00, hafi stefndi síðan birt athugasemd á vefsvæðinu kaninka.net/stefan, þar sem hann sagði „hótanir“ stefnanda um málssókn vera innantómar og gott ef ekki að þær lífguðu bara svolítið upp á daginn.

Þar sem stefndi hafi ekki sinnt ítrekuðum áskorunum þess efnis að fjarlægja hin umstefndu ummæli af vefsvæði sínu, né ábendingum frá stjórnendum www.blog.is, sé stefnanda nauðugur einn sá kostur að höfða dómsmál þetta til að ná fram rétti sínum.

Stefndi telur málavöxtum lýst að takmörkuðu leyti í stefnu og sóknarskjölum og telur að mál þetta eigi sér lengri og meiri forsögu en þar komi fram og telur nauðsynlegt að lýsan aðdraganda samskipta aðila máls þessa í nokkru máli.

Stefnandi hafi, í aðdraganda alþingiskosninganna vorið 2007, verið mjög afkastamikill í skrifum á vef Morgunblaðsins og hafi haldið þar úti vefsíðu sem nefndist „omarr.blog.is“. Raunar hafi það pláss, sem stefnandi hafði, verið sett undir það sem Morgunblaðið nefndi „vinsæl blogg“ og ætla megi að skrif stefnanda hafi því verið mikið lesin, eins og raunar komi fram í birtum heimsóknum á vefsíðu hans.

Fram komi í skrifum stefnanda að hann sé eindreginn og yfirlýstur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins og beiti sér í skrifum sínum mjög harkalega gegn flokki Vinstri grænna og einstökum forsvarsmönnum þess flokks. Fram komi einnig að stefnandi sé upplýsingafulltrúi verktakans Impregilo sem annist framkvæmdir við virkjun á Kárahnjúkum og megi þar að einhverju leyti rekja andúð hans á flokki Vinstri grænna, en eins og alkunna sé, hafi sá flokkur beitt sér eindregið gegn virkjunum á hálendi Íslands, og þá gegn virkjunum á Kárahnjúkasvæðinu. Einnig komi fram í skrifum stefnanda mjög afturhaldssöm viðhorf m.a. til kvenna og umhverfismála.

Stefndi hafi verið stuðningsmaður flokks Vinstri grænna í alþingiskosningum vorið 2007 og megi vissulega skoða samskipti aðila máls þessa í því ljósi, a.m.k. að hluta til. Nauðsynlegt sé að taka dæmi af skrifum stefnanda og rétt að taka fyrst almenn dæmi og síðar dæmi af þeim skrifum sem endanlega hafi orðið tilefni að orðum stefnda og samskiptum aðila málsins eins og þeim sé lýst í sóknargögnum.

Á vefsíðu sinni, þann 23. febrúar 2007, sé stefnandi að biðja almættið um að forða þjóðinni frá vinstri stjórn og fullyrði að Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, reki banka úr landi og eftir verði eingöngu hundasúrur og fjallagrös til útflutnings og þjóðin muni síðan nærast á útsýninu einu saman. Svo megi vænta skattahækkana.

Á vefsíðu þann 1. mars 2007, birti stefnandi skopmynd af Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri grænna, þar sem texti segi að hann vilji stofna netlögreglu og fylgi grein með þar sem talað sé niðrandi um Steingrím. Fram komi að þennan dag hafi 135.320 manns heimsótt vefsíðu stefnanda. Nokkur viðbrögð hafi orðið við þessum skrifum stefnanda og flest einhliða svívirðingar í garð formanns Vinstri grænna og sé þetta nefnt sérstaklega þar sem stefnandi hafi áskilið sér vald á vefsíðu sinni til að eyða öllum óviðurkvæmilegum skrifum.

Á vefsíðu 11. mars 2007 hafi birst skætingur í garð Sóleyjar Tómasdóttur, ritara Vinstri grænna, sem greinilega sé ætlað að vera fyndinn, en lýsi best viðhorfi stefnanda til kvenna og baráttu sumra þeirra í jafnréttismálum. Ýmsir hafi haft þörf fyrir að lýsa viðhorfum sínum og látið ýmis orð falla, s.s. „brjálæðingar“, „netlögreglustjóri“, auk nokkurra klámfenginna athugasemda og sé enn vísað til þess að stefnandi hafði áskilið sér rétt til að eyða færslum af síðu sinni en hafi ekki gert það hér frekar en í öðrum sambærilegum tilvikum.

Á vefsíðu þann 29. mars 2007 sé enn birt skopmynd af Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri grænna, þar sem hann eigi að vilja banna Internetið og fylgi því að venju ýmsar athugasemdir.

Á vefsíðu þann 3. apríl 2007 sjái stefnandi ástæðu til að afbaka myndskreið úr indverskri kvikmynd þar sem bæði birtist fordómar gagnvart konum og einhliða barningur um ætluð viðhorf formanns Vinstri grænna til Internetsins. Svo virðist sem stefnandi hafi til þess dags fengið 166.187 heimsóknir á vefsíðu sína.

Á vefsíðu þann 6. apríl 2007 birtist mjög gamaldags viðhorf stefnanda til umhverfismála þar sem tekið sé undir rök helstu afturhaldsmanna í þeim efnunum. Allmargar athugasemdir hafi fylgt en ekki sé ástæða til að setja þær með skjölum málsins.

Á vefsíðu þann 10. apríl 2007 komi enn fram endurtekningar á útúrsnúningi á orðum Ögmundar Jónassonar, þingmanns Vinstri grænna, með tilheyrandi athugasemdum og fram komi að þá sé komin 172.791 heimsókn á vefsíðu stefnanda.

Á vefsíðu þann 23. apríl 2007 birtist sjónarmið stefnanda í þá átt að stefna Vinstri grænna muni færa líf landsmanna aftur til landnámsaldar og fylgi að venju athugasemdir lesanda vefsíðunnar.

Á vefsíðu þann 23. apríl 2007 sjái stefnandi enn ástæðu til að niðurlægja Sóleyju Tómasdóttur, ritara Vinstri grænna, og birti myndband á vefsíðu sinni þar sem allt sé afbakað og gert afkáralegt. Að venju fylgi athugasemdir lesenda sem flestir taki undir með stefnanda og sumir bæti raunar um betur. Heimsóknir á síðu stefnanda séu þá 186.138.

Á vefsíðu þann 6. maí 2007 sé enn birt myndband með skætingi um formann Vinstri grænna sem endi á orðunum „kjósið fúla á móti þann 12. maí“ og fullyrt að Vinstri grænir vilji helst af öllu fjölga umhverfisslysum.

Á vefsíðu þann 12. maí 2007 sé enn birt mynd þar sem fólki sé hótáð landauðn ef kosið sé til vinstri þann 12. maí s.l., og enn birt í því samhengi mynd af formanni Vinstri grænna. Fleiri vefsíður sýni, svo ekki sé um villst, að stefnandi máls þessa sé eindreginn stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins.

Á vefsíðu 4. maí 2007 birti stefnandi aulafyndni um málfarsleg vandræði pólskra verkamanna. Nokkur fréttaflytningur spratt af veikindum verkamanna við virkjanirnar að Kárahnjúkum. Blaðamaður Fréttablaðsins leitaði til stefnanda, blaðafulltrúa Impregilo, verktaka við virkjanaframkvæmdirnar og sem svar við spurningu um hvort „skítt“ sé að vinna á Kárahnjúkum þá komi einfalt svar á þá leið að þeir sem hirði ekki um hreinlæti geti lent í „djúpum skít“. Ýmsum hafi fundist þetta svar kaldranalegt og niðurlægjandi gagnvart þeim sem höfðu veikst. Nokkrir höfðu í framhaldinu hörð orð um stefnanda án þess að það sé frekar rakið hér.

Stefndi kveðst hafa fylgst með skrifum stefnanda og hafi eðlilega verið verulega misboðið vegna þessa einhliða óhróðurs um Vinstri græna og forystumenn þeirra, sem þar birtust, enda skrif og áróður stefnanda kominn langt út fyrir það sem megi telja eðlilega pólitíska gagnrýni og raunar ekki hægt að jafna því við annað en það sem verst gerist í pólitískri umræðu. Sumt sé hreinlega barnalegt. Steininn hafi þó tekið úr þegar stefnandi hafi ákveðið að ráðast gegn Paul Nikolov, einum frambjóðanda Vinstri grænna, en hann hafi skipað sæti ofarlega í öðru Reykjavíkurborgardæminu. Stefnandi tengi áður nefndan frambjóðanda við skrif manns sem skrifi undir dulnefninu „Jadetree“ en þau skrif séu um málefni Arons Pálma Ágústssonar, íslensks ríkisborgara, sem hafi verið dæmdur til þungar refsingar í Texasríki í Bandaríkjunum, en saga þess máls sé alþekkt. Í skrifum stefnanda sé því með ákveðnum hætti komið á framfæri að Paul Nikolov sé höfundur þessara skrifa og sé fjallað á mjög niðrandi hátt um hann á vefsíðunni. Talsverð viðbrögð hafi orðið við þessum skrifum. Stefnandi hafi kosið að leggja þau ekki fram en þau séu lögð fram af stefnda. Þar komi m.a. fram að banna eigi útlendingum og glæpamönnum að bjóða sig fram til þings, sumir séu „kjaftstopp“,

talað um að frambjóðandinn hafi ógeðfelldar skuggahliðar, vafi leiki á hvert sálarástand Paul Nikolovs sé, bréfin séu hræðileg og rétt að senda þau til allra fjölmiðla, afneitun Paul Nikolovs á skrifunum sé fáránleg, skrifin séu bæði ótrúleg og skammarleg o.s.frv. o.s.frv.

Stefnandi hafi sömuleiðis vitað að ámóta skrif um Paul Nikolov höfðu áður komið fram á árinu 2006 þar sem einhver sem nefnir sig Alda Kalda skrifi á vefsíðu sinni nokkurn veginn það sama og stefnandi hafi raunar sett á sína síðu um sama mál og sé fullyrt að stefnandi hafi sótt hugmyndina að skrifum sínum á þessa vefsíðu. Þá sé fullyrt að stefnandi hafi vitað að Paul Nikolov hafi neitað því að vera höfundur þessara skrifa og því slegið fram fullyrðingum sínum gegn betri vitund og eingöngu komið þessum skrifum á framfæri til að ófrægja einn frambjóðanda VG sem lið í þeirri krossferð sem lýst sé hér að framan. Paul Nikolov komi aftur að leiðréttingu á framangreindum fullyrðingum og sé sú framsetning hógvær og eðlileg í alla staði. Þrátt fyrir þetta höggvi stefnandi í sama knérunn þann 11. maí 2007, daginn fyrir kosningarnar, og endurtaki fyrri fullyrðingar og tali um neyðarfund hjá VG

Málsástæður stefnanda og lagarök

Ummæli í kröfulið 1, A til C

Þess er krafist að ummæli í kröfulið 1, sem sé að finna á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is. og stefndi beri ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, verði dæmd dauð og ómerk.

Það að stefndi skuli leyfa sér að kalla stefnanda rasista, sem ástundi útlendingahatur sé grafalvarleg aðdróttun að æru stefnanda. Ummælin séu þar að auki algjörlega úr lausu lofti gripin og hreinlega hugarburður stefnda, sem fá hvergi neina stoð í raunveruleikanum. Stefnandi sé framkvæmdastjóri og eigandi íslenskra almannatengsla ehf., sem sjái meðal annars um almannatengsl fyrir ýmis fjölþjóðleg fyrirtæki sem numið hafi land á Íslandi, auk þess sem stefnandi sé ræðismaður El-Salvador á Íslandi. Stefnandi sjái þannig um öll málefni tengd almannatengslum fyrir ítalska fyrirtækið Impregilo, sem sé aðalverktaki á Kárahjúkum, en hjá fyrirtækinu starfi fólk frá öllum heimsálfum og af ýmsum kynþáttum. Allt tal stefnda þess efnis að stefnandi sé „rasisti“ eða útlendingahatari séu því eingöngu innantóm orð. Það að stefndi skuli kalla stefnanda, sem sé talsmaður þessa fjölþjóðlega fyrirtækis á Íslandi, rasista sé því alvarlegur hlutur. Stefnandi hafi hins vegar ekki látið sér það nægja heldur hafi bætt um betur og sagt berum orðum að stefnandi væri svæsnari rasisti en tiltekinn hópur rasista samanlagður. Til að kóróna svo skömm sína hafi stefndi skorað á lesendur vefsvæðis síns að heimsækja vefsvæði stefnanda og láta þar í sér heyra svo að „útlendingahatur“ stefnanda stæði þar ekki óhaggað.

Til þess beri fyrst að líta að í þeirri umfjöllun stefnanda, sem virðist vera kveikjan að þeim skrifum stefnda, sem innihaldi hin umstefndu ummæli, sé ekki neitt að finna sem hægt sé að kalla rasisma, kynþáttahyggi eða kynþáttahatur og geti réttlætt það að stefnandi sé kallaður rasisti, útlendinga- eða kynþáttahattari. Stefnandi hafi heldur ekki á öðrum stað né tíma látið sér nokkuð það um munn fara,

sem ýtt geti stoðum undir þær fullyrðingar stefnda að stefnandi sé svæsinn rasisti og útlendingahatari.

Það verði að telja að ummæli stefnda varði við 234., 235., og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga enda ljóst að ummæli stefnda séu ærumeiðandi og þar að auki óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta ímynd stefnanda. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir.

Ummæli í kröfulið 2 A

Þess er krafist að ummæli í kröfulið 2, sem sé að finna á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is og stefndi beri ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, verði dæmd dauð og ómerk.

Stefnda virðist ekki hafa fundist nóg að gert með því að kalla stefnanda svæsinn rasista, sem legði stund á útlendingahatur, því síðar þann sama dag hafi hann látið þau orð falla um stefnanda að hann ynni fyrir alþjóðlegt glæpagengi. Hér sé á nýjan leik um alvarlega aðdróttun að ræða að æru stefnanda þar sem stefndi ásaki hann um að vera málsvara alþjóðlegs glæpagengis. Með þessum orðum sé stefndi að saka stefnanda um þátttöku í alþjóðlegri glæpastarfssemi sem sé refsiverð háttsemi, sem margra ára fangelsi liggi við, og þar að auki siðferðilega ámælisverð háttsemi í augum flestra. Með þessu vegi stefndi alvarlega að æru stefnanda, og sem fyrr séu ummælin algjörlega úr lausu lofti gripin og ósönn.

Það verði að telja að ummælin varði við 234., 235., og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga enda ljóst að ummæli stefnda séu hreinn uppspuni og þar að auki óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta ímynd stefnanda. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir.

Hvað varðar frekari rökstuðning fyrir ómerkingu ofangreindra ummæla vísist til umfjöllunar í málsatvikum og málsástæðum hér að ofan.

Miskabótakrafa

Stefnandi byggir á því að tilvitnuð ummæli stefnda, sem viðhöfð hafi verið á vefsvæði stefnanda hafi fengið mjög á stefnanda andlega, enda um ærumeiðandi aðdróttanir að ræða, sem bæði séu rangar og bornar fram án þess að stefndi hafi nokkuð haft fyrir sér. Einnig sé ljóst að virðing stefnanda hafi beðið hnekki, sem og æra hans og persóna, þar sem því sé haldið fram um hann að hann sé svæsinn

kynþáttahatari og þáttakandi í alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Eins og áður hafi komið fram sjálf stefnandi um almannatengsl fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og sé þar að auki ræðismaður erlends ríkis á Íslandi og því sé það grafalvarlegur hlutur fyrir hann að sitja undir því ámæli að vera svæsinn kynþáttahatari. Það að stefndi skuli halda því fram um stefnanda að hann vinni fyrir alþjóðlegt glæpagengi sé einnig alvarleg aðdróttun að æru stefnanda og hafi skaðað hann og fyrirtæki sem hann reki.

Krafa stefnanda um miskabætur sé byggð á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á miskabótum sé einnig vísað til grunnraka að baki 234., 235. og 236. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vísað sé til 2. mgr. 15. laga nr. 57/1956 um prentrétt varðandi varnaraðild stefnda, en hann sé höfundur umfjöllunarinnar um stefnanda.

Með vísan til þess er hér að framan segi sé ljóst að stefndi beri refsí- og fébótaábyrgð á efni umfjöllunar um stefnanda.

Hvað varðar tjáningarfrelsi stefnda vísi stefnandi til 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, en tjáningarfrelsi njóti ekki verndar þegar brotið sé gegn mannorði annarra manna.

Þess sé krafist að stefndi greiði stefnanda málskostnað samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi og sé krafan byggð á 130 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess sé krafist að dæmdur málskostnaður beri virðisaukaskatt.

Um lagarök, vísi stefnandi til 234., 235., 236. gr. og 1. og 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og grunnraka þeirra sem búi að baki framangreindum lagagreinum.

Einnig vísi stefnandi til laga nr. 57/1956, um prentrétt, einkum 2. mgr. 15. gr. laganna. Þá vísi stefnandi til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra skaðabótareglna, s.s. sakarreglunnar.

Krafa stefnanda um vexti og dráttarvexti á miskabótakröfu sé byggð á IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Þá sé krafa um málskostnað byggð á 130. gr. 1. nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda og lagarök

Eins og rakið sé í málavaxtalýsingu hafi stefnandi verið iðinn við að koma að áróðri gegn framboði Vinstri grænna vegna alþingiskosninganna nú sl. vor. Seint verði talið að málefnaleg sjónarmið hafi ráðið þar ferð heldur sé framsetningin öll á

neikvæðum nótum og beri helst keim af því sem verst sjáist í bandarískri stjórnmalabarattu. Undir lok kosningabaráttunnar ákveði stefnandi að koma höggi á einn frambjóðandann á afar ísmeygilegan og neikvæðan hátt. Hér eigi í hlut nýr Íslendingur sem raunar hafi vald á íslenskri tungu en þó ekki fullkomið. Af þeim sökum eigi hann erfiðara með að svara fyrir sig og taka til varna. Þá virðist sem í engu hafi verið tekið tillit til þess af hálfu stefnanda að umræddur frambjóðandi hafi neitað aðild sinni að þeim skrifum sem urðu tilefni árása stefnanda heldur sé gefið í með frekari fullyrðingar og árásir. Stefnandi hafi því með skrifum sínum gefið tilefni til viðbragða og harðra andsvara og í ljósi þess verði að skoða orð stefnda og þau orð verði stefnandi að þola.

Stefnandi leggi til skrif sín sem þátt í stjórnálaumræðu, þó svo skrifin séu ekki stórbrotin, og eðlilegt að líta á hann sem „opinbera persónu“, eins og skilgreiningar á slíku hugtaki séu notaðar í málum af þeim toga, sem mál þetta snúist um. Dómaframkvæmd sýni að slíkir einstaklingar verði að þola hvassari gagnrýni og harðari orðaskipti en aðrir einstaklingar, sem ekki láti til sína taka á opinberum vettvangi. Orð stefnda séu eðlilegur gildisdómur um skrif stefnanda og þar sé ekki verið að vísa til refsiverðrar háttsemi á annan hátt. Í dómaframkvæmd, m.a. hjá Mannréttindadómstól Evrópu, sé litið svo á að ríkar heimildir séu til að láta í ljós gildisdóma ef ekki sé um að ræða fullyrðingu um refsiverða háttsemi.

Í kröfugerð stefnanda séu tínd til fjögur atriði úr skrifum stefnda og rétt að fjalla um þau í þeirri röð eins og sett er fram í stefnu.

Í fyrsta lagi sé gerð krafa um ómerkingu orðanna „aðal rasisti bloggheima“. Stefnandi gefi sér að orðið „rasisti“ sé það sem stefnandi hnjóti um en hvorki orðin „aðal“ né „bloggheima“ en væntanlega sé lítil þörf á að ómerkja slík almenn orð. Orðið rasisti hafi ýmsar merkingar og hafi stefndi notað þau í ýmsu samhengi. Þann 17. apríl 2007 skrifi hann um sjónarmið Frjálslynda flokksins en talsmenn þess flokks hafi verið ásakaðir um andúð gegn útlendingum í aðdraganda kosninganna vorið 2007. Orð stefnda í þessum skrifum séu að mestu endurtekningar á orðum annarra. Þann 20. apríl 2007 fjalli stefndi um viðhorf tiltekinna stjórnmalamanna sem höfði sérstaklega til kvenna í stjórnmalabarattu og nefni að þau sjónarmið geti verið „rasísk“. Um skilning á orðinu „rasisti“ sé einnig vísað til álits Kristjáns Árnasonar, prófessors í íslenskri málfræði á dskj. nr. 39 og enskrar orðabókarskilgreiningar, en þar komi m.a. fram að orðið þurfi ekki að hafa aðra merkingu en þá að átt sé við hleypidómafullan mann, sem ekki þoli skoðanir sem fara gegn hans eigin.

Í öðru lagi sé krafist ómerkingar á orðunum „Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impregilo á Íslandi.“ Stefnandi sé ekki ljóst hvað hér sé átt við, en setninguna verði að tengja við skrif stefnda á vefsíðu 17. apríl 2007 og 24. apríl 2007 þar sem fjallað sé um talsmenn Frjálslynda flokksins, þetta sé almennt orðað og gildisdómur um viðhorf stefnanda. Þá sé ómerkingarkrafan allt of víðtæk. Varla vilji stefnandi fá þau orð ómerkt að hann sé talsmaður Impregilo en um þau störf stefnanda komi fram skýrar yfirlýsingar í sóknargögnum. Í þriðja lagi sé krafist ómerkingar á orðunum „Ég mæli með því að þið ágæta fólk látið í ykkur heyra á kerfinu hans svo að útlendingahatur hans standi þar ekki óhaggað.“ Hér sé einnig um almennt orðalag að ræða og settur fram eðlilegur gildisdómur um skrif stefnanda, sem hafi gefið ærið tilefni til andsvara og viðbragða, sbr. framlögð gögn. Einnig sé krafa þessi allt of víðtæk og erfitt að átta sig á ætluðum misgerðum.

Að lokum sé krafist ómerkingar á orðunum „sem betur fer skapaði ég mér vinnu þar sem ég þarf ekki að svara fyrir alþjóðlegt glæpagengi í fjölmiðlum“. Í stefnu séu þessi orð oftúlkuð og langt í frá hægt að leggja þann skilning í orðin að stefnandi taki þátt í alþjóðlegri glæpastarfsemi. Eins og sjáist af samhenginu sé hér bein tenging við fyrirtækið Impregilo og þá atburði sem komu upp í framhaldi af umræðum um aðbúnað starfsmanna félagsins í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Þá sé hreinlega einnig verið að vísa til þess að í fjölda tilvika hafi verið talað og skrifað í þá átt að með þessum stórfelldu framkvæmdum á hálendinu væri í raun verið að vinna hryðjuverk á náttúru landsins. Ef einhver ætti að fetta fingur út í þessi orð sé það fyrirtækið Impregilo sjálft en ekki stefnandi. Impregilo sé ekki aðili að þessu máli og beri því að sýkna vegna aðildarskorts.

Allt að einu sé tjáningarfrelsi stefnda varið af 73. gr. laga nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en sáttmálinn hafi verið lögfestur, sbr. lög nr. 62/1994. Stefndi nýti málfrelsi sitt til að svara harkalega skrifum stefnanda sem beinst hafi gegn stjórnmalaflokki sem hann styður. Hann taki upp hanskan fyrir frambjóðanda Vinstri grænna, sem sé af erlendu bergi brotinn, þar sem honum sé alvarlega misboðið enda skrif stefnanda langt umfram eðlileg og málefnaleg stjórnmalaskrif. Ljóst sé að dómur hafi fallið undangengin ár í Hæstarétti Íslands og við Mannréttindadómstól Evrópu sem leyfi orðfæri og framsetningu í rituðu máli sem sé í mörgum tilvikum harðari og óvægna en það sem hér sé fjallað um. Því séu sýknukröfur ítrekaðar.

Stefndi vísar til 80. gr. laga nr. 91/1991 XXV kafla laga nr. 19/1940, einkum 241. gr. laganna, 73. gr. 1. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1944, dóma Hæstaréttar Íslands í málunum 206/1977, 92/1991, 498/1993, 383/1994, 9/1997, 280/1997, 272/2000, 181/2005, dóms Héraðsdóms Reykjaness 25.4.2007 og nokkurra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Niðurstaða

Stefnandi hélt úti vefsíðu á vef Morgunblaðsins sem nefndist www.omarr.blog.is. Stefnandi var afkastamikill í skrifum fyrir alþingiskosningar vorið 2007 og var yfirlýstur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins. Stefndi var hins vegar stuðningsmaður Vinstri grænna. Greinaskrif stefnanda sneru oft og tíðum að stjórnmalum og hafði hann ákveðnar skoðanir á flokki Vinstri grænna sem hann lét óspart í ljósi á vefsíðu sinni. Hinn 18. apríl 2007 birti stefnandi umfjöllum á vefsvæði sínu undir yfirskriftinni „Vill Paul Nikolov að Aron Pálmi Ágústsson rotni í fangelsi?“ Í greininni er fjallað um afstöðu Pauls Nikolov, sem var í framboði til Alþingis 2007, til máls Arons Pálma Ágústssonar. En þar er gefið til kynna að Paul Nikolov, undir notendanafninu „jadetree“ og „grapevine“ hvetji til skrifa um að Aron Pálmi eigi að rotna í fangelsi. Þann 22. apríl 2007 birti stefnandi umfjöllun um hugmyndir þessa sama manns um „beint“ lýðræði og um leið lýsti stefnandi því hversu erfitt væri að ná í Paul Nikolov. Stefndi brást við þessum skrifum þann 24. apríl 2007 með því að birta færslu á vefsvæði sínu, www.ulfarsson.blog.is. Yfirskrift færslunnar var „Aðal Rasisti Bloggheima“ þar sem stefnandi er sagður vera svæsnari útlendingahatari en tiltekinn fjöldi útlendingahatara lagður saman. Í niðurlagi færslunnar hvetur stefnandi fólk til að láta heyra í sér á vefsvæði stefnanda svo að útlendingahatur stefnanda stæði þar ekki óhaggað. Síðar sama dag gerði stefndi athugasemd á vefsvæði sínu þar sem hann lýsti því yfir að vinna

stefnanda fælist í því að svara fyrir alþjóðlegt glæpagengi í fjölmiðlum. Að kvöldi sama dags hafði stefnandi samband við stefnda og bað hann að fjarlægja ofangreindar færslur. Að öðrum kosti myndi hann leita réttar síns. Stefndi varð ekki við óskum stefnanda. Í kjölfarið skrifaði hann nýja grein inn á vefsvæði sitt með fyrisögninni „Ómar R. Valdimarsson ætlar að kæra mig“. Daginn eftir, 25. apríl 2007, skrifaði stefndi nýjan pistil á vefsvæði sitt sem bar yfirskriftina „Hvenær kemur kæran?“ Þar lýsir stefndi því að hann bíði eftir kæru á hendur sér vegna skrifa sinna um stefnanda. Síðla sama dags skrifaði stefndi á ný færslu á vefsvæði sitt með yfirskriftinni „Ég bíð og Bíð Ómar“. Þar lýsir stefndi vonbrigðum sínum yfir því að stefnandi hafi ekki enn kært sig.

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er mönnum tryggt tjáningarfrelsi. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má aðeins setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda og mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er að finna ákvæði til verndar ærumeiðingum og friðhelgi einkalífs. Þar segir einnig, í 241. gr. laganna, að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk ef sá krefst þess sem misgert er við.

Í 1. kröfulið í stefnu krefst stefnandi þess að eftirfarandi ummæli stefnda, sem birt voru 24. apríl 2007 kl. 13:59 á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is verði dæmd dauð og ómerk og að stefnda verði gert skylt með dómi að fjarlægja ummælin af vefsvæðinu:

1. A. „Aðal Rasisti Bloggheima“
 - B. „Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impreglio (sic) á Íslandi ...“
 - C. „Ég mæli því með því að þið ágæta fólk látið í ykkur heyra á kerfinu hans svo að útlendingahatur hans standi þar ekki óhaggað.“

Ljóst er að málsaðilar höfðu ekki sömu stjórnmalaskoðanir og studdu hvor sinn stjórnmalaflokkinn í aðdraganda alþingiskosninga 2007. Telja verður samkvæmt því sem fram hefur komið að framangreind ummæli stefnda um stefnanda megi rekja til umfjöllunar stefnanda um frambjóðandann Paul Nikolov, sem áður er rakin. Telja verður að í hugum flestra hafi orðið rasisti neikvæða merkingu og taki til aðila sem haldinn er fjandskap í garð fólks sem er af öðrum kynþætti en hann sjálfur. Sama er að segja um orðið útlendingahatur, þ.e. hatúr á útlendingum. Í umfjöllun stefnanda um Paul Nikolov er hvergi fjallað um frambjóðandann sem útlending eða minnst á erlendan uppruna hans. Hefur ekki verið sýnt fram á í málinu að stefnandi hafi á öðrum stað eða tíma látið sér nokkuð um munn fara sem ýtt geti undir þær fullyrðingar stefnda að stefnandi sé svæsin rasisti og útlendingahatari. Ummæli stefnda um stefnanda verður því að telja

tilefnislaus. Vísað er til þess að stefnandi er talsmaður fyrirtækisins Impregilo á Íslandi, sem er fjölþjóðlegt fyrirtæki, og sá hann um öll málefni tengd almannatengslum. Þá er fram komið að stefnandi er framkvæmdastjóri og eigandi Íslenskra almannatengsla ehf. sem sér um almannatengsl fyrir ýmis fjölþjóðleg fyrirtæki sem hafa numið land á Íslandi. Þá ber þess einnig að geta að stefnandi er ræðismaður El-Salvador á Íslandi. Í ljósi þessa verður að telja ummæli stefnda mjög meiðandi fyrir stefnanda. Þótt stefnandi hafi tekið þátt í stjórn mála umræðu á vefsíðu sinni, og sinnt þeim störfum sem að framan er getið, verður ekki fallist á að stefnandi sé opinber persóna í þeim skilningi að hann verði að þola meiri og sterkari gagnrýni en gengur og gerist.

Er óumdeilt að stefndi er höfundur þeirra skrifa þar sem umdeild ummæli birtust og ber hann ábyrgð á þeim. Eru framangreind ummæli um stefnanda ærumeiðandi, þau eru óviðurkvæmileg og tilhæfulaus og til þess fallin að svarta ímynd hans. Teljast þau varða við 235. gr. laga nr. 19/1940. Ber að ómerkja þau, sbr. 241. gr. sömu laga.

Í 2. lið kröfugerðar sinnar krefst stefnandi að eftirfarandi ummæli sem stefndi er höfundur að og birt voru á vefsvæðinu www.ulfarsson.blog.is, þriðjudaginn 24. apríl 2007, klukkan 22:20, verði dæmd dauð og ómerk, og stefnda verði gert skylt með dómi að fjarlægja ummælin af vefsvæðinu:

A. „Sem betur fer skapaði ég mér vinnu þar sem ég þarf ekki að svara fyrir alþjóðlegt glæpagengi í fjölmiðlum.“

Sama dag, og skömmu áður en þessi ummæli birtust, hafði stefndi fjallað um stefnanda sem talsmann Impregilo á Íslandi. Verða ummæli stefnda ekki skilin öðruvísi en svo að hann telji fyrirtækið vera alþjóðlegt glæpagengi og vegur hann þannig að starfi stefnanda. Ummælin beinast hins vegar ekki að persónu eða æru stefnanda. Teljast þau ekki ærumeiðandi eða móðgandi í garð stefnanda og ber því að hafna kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra.

Samkvæmt framansögðu eru ummæli í fyrsta kröfulið dæmd dauð og ómerk. Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert skylt með dómi að fjarlægja ummælin af vefsíðu sinni. Ummæli sem birtast í dagblaði eða tímariti er ekki unnt að eyða eða fjarlægja. Auðvelt er hins vegar að fjarlægja skrif sem birst hafa á vefsíðu. Eðli máls samkvæmt verður þessi krafa stefnanda því tekin til greina.

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefnda verði gert skylt að birta forsendur dóms þessa og dómsorð á vefsvæði sínu þegar dómur gengur í málinu. Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Í 1. mgr. umræddrar greinar segir: „Nú er höfundur eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir kröfu þess, sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.“ Í 2. mgr. segir að útgefanda (ritstjóra) sé skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu dómhafa í fyrsta tölublaði, sem út kemur, eftir að dómur er birtur, og í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla. Í 3. mgr. greinarinnar segir að birta skuli dómshlutann án endurgjalds og prenta hann með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í tímaritinu, að eftir verði

tekið.

Eins og ákvæðið ber með sér tekur það til birtingar efnis í blöðum eða tímaritum en ekki til efnis sem birt er á vefsíðum. Ekki er til að dreifa lagaákvæðum um slík tilvik. Telja verður að efnislega sé um sambærileg tilvik að ræða enda staðreynd að mörg dagblöð eru gefin út á vefmiðlum. Með löggjöfnun frá 22. gr. laga nr. 57/1956 ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda að stefnda verði gert skylt að birta forsendur dóms og dómsorð á vefsvæði sínu þegar dómur gengur. Er krafan tekin til greina eins og hún er fram sett.

Stefnandi krefst miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna. Eins og áður er rakið felst í ummælum samkvæmt 1. kröfulið aðdróttun sem telja verður að sé virðingu stefnanda til hnekkis. Í þeim felst meingerð gegn persónu stefnanda og æru. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um miskabætur. Eftir atvikum þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Vaxtakröfu er ekki mótmælt sérstaklega.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Eftirfarandi ummæli eru dæmd dauð og ómerk:

- A. „Aðal Rasisti Bloggheima“
- B. „Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impregilo á Íslandi ...“
- C. „Ég mæli því með því að þið ágæta fólk látið í ykkur heyra á kerfinu hans svo að útlendingahatur hans standi þar ekki óhaggað.“

Ber stefnda, Gauki Úlfarssyni, að fjarlægja ummælin af vefsvæði sínu www.ulfarsson.blog.is.

Ber stefnda jafnframt að birta forsendur og dómsorð dóms þessa á vefsvæði sínu www.ulfarsson.blog.is.

Stefndi, Gaukur Úlfarsson, greiði stefnanda, Ómari Valdimarssyni, 300.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. apríl 2007 til 22. júní 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Kristjana Jónsdóttir